



Umbótaáætlun vegna ytra mats



Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats Menntamálastofnunar  
sem framkvæmt var í nóvember 2021



## Umbótaáætlun vegna ytra mats

### Inngangur

Í október 2021 gerðu matsaðilar á vegum Menntamálastofnunar, fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, úttekt á skólastarfi Varmahlíðarskóla. Úttektin er liður í ytra mati skóla og er tilgangur matsins að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðsluyfirvöld, starfsfólk skóla, foreldra og nemendur. Markmið ytra mats er að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Jafnframt á matið að tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Ytra mati er ætlað að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara og starfsfólk til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Ytra matið byggir á [viðmiðum um gæði skólastarfs](#) og skiptist í þrjá megin kafla; Stjórnun og fagleg forysta, Nám og kennsla og Innra mat.

[Niðurstöður ytra mats Varmahlíðarskóla](#) voru birtar í opinberri skýrslu í byrjun desember á heimasíðu Menntamálastofnunar, mms.is. Þar er gerð nánari grein fyrir stöðu skólans á metnum þáttum, tilgreindir eru styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta hvers matsþáttar. Matsaðilar kynntu niðurstöður (í fjarfundi) á fundi með starfsfólki, eftirtöldum var einnig boðið til fundarins; formanni fræðslunefndar, sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar, oddvita Akrahrepps, sviðsstjóra fjölskyldusviðs, fræðslustjóra, formanni foreldrafélagsins, fulltrúum foreldra í skólaráði og fulltrúa grenndarsamfélags í skólaráði.

Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri  
Lára Gunnús Magnúsdóttir  
Íris Olga Lúðvíksdóttir  
Þyrej Hlífarsdóttir  
Birgitta Sveinsdóttir  
Sigurlína Hrönn Einarsdóttir  
Anna Lilja Guðmundsdóttir

## Skólaprófill

Niðurstöður ytra mats eru settar fram með myndrænum skólaprófill til viðbótar við texta og upptalningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Megin kaflarnir eru eins og áður kemur fram þrír talsins og undirkaflarnir sem mynda litaprófill skóla eru 16. Hafa þeir í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

### Skólaprófill Varmahlíðarskóla

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

### Útskýring á litakóðum

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Umbótaáætlun vegna ytra mats

1. Stjórnun og fagleg forysta					
Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgðaraðilar	Endurmat, hvenær og hvernig metið
Kjósa nemendur í skólaráð til tveggja ára.	Skólaráð útfærir hvernig tryggt verði að fulltrúar nemenda séu kosnir í skólaráð til tveggja ára í senn.	febrúar 2022	mars 2022	Skólastjóri Skólaráð	Lokið/ólókið. Endurmetið á fundi skólaráðs að hausti, þegar skólaráð tekur til starfa.
Skólaráð hafi opinn fund fyrir alla hagsmunaaðila einu sinni á skólaári.	Skólaráð standi fyrir opnum fundi á hverju skólaári fyrir aðila skólasamfélagsins. Fyrsti fundur áætlaður haustið 2022. Skólaráð skipuleggur umgjörð fundar, setur tíma og ákvarðar fundarefni.	febrúar 2022	nóvember 2022	Skólastjóri Skólaráð	Lokið/ólókið Metið á fundi skólaráðs að vori.
Hafa samráð við alla hagsmunaaðila við stefnumótun.	Skólaráð er virkt, það tekur þátt í ákvarðanatöku og kemur að stefnumótun. Kynna hlutverk og samsetningu skólaráðs fyrir hagsmunaaðilum á opnum fundi að hausti með það að markmiði að efla og virkja lýðræðislega umræðu í öllum hagsmunahópum um stærra málefni og ákvarðanatöku.	Febrúar 2022	Júní 2023	Skólaráð Skólastjórnendur Leiðtogaeymi	Lokið/ólókið Metið á fundi skólaráðs að vori.
Gera einkunnarorð skólans sýnilegri í starfi og aðstöðu.	Þemavinna með nemendum um merkingu orðanna og hvernig þau endurspeglast í skólastarfinu. Gera einkunnarorð skólans sýnilegri og tengja betur markmiðum skólans og námsárangri.	janúar 2022	janúar 2024	Skólastjórnendur Kennarar Starfsfólk	Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur).

Umbótaáætlun vegna ytra mats

Efla liðsheild innan starfsmannahópsins.	<p>Markmið að efla liðsheild, samábyrgð, virðingu, traust, virkni, jákvæðni og umburðarlyndi með því að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Styðja við og skapa aðstæður fyrir jákvæða samveru starfsfólks. Fjölga reglulegum viðburðum fyrir starfsmenn og auka fjölbreytni þeirra.</li> <li>• Fá fyrirlestur eða örnámskeið um jákvæð samskipti og liðsheild á hverju skólaári.</li> <li>• Vinna markvisst að innleiðingu á teymisvinnu og vinnubrögðum lærdómssamfélagsins í skólasamfélag Varmahlíðarskóla (3ja ára liðsinni frá MSHA til vors 2024).</li> </ul>	september 2021	júní 2024	Allt starfsfólk	Metið árlega út frá niðurstöðum árlegrar skimunar, starfsmanna-könnunar Skólapúlsins (annað hvert ár), funda og starfsmanna-samtala.
Gera tímasetta símenntunaráætlun þar sem fram koma verkefni, þátttakendur og ábyrgðaraðilar.	Símenntunaráætlun er hluti af starfsáætlun, unnin á hverju hausti. Uppfæra í samvinnu við starfsfólk, núverandi símenntunaráætlun miðað við stefnu skólans og starfsáætlun. Þess gætt að verkefni séu skilgreind og gert grein fyrir þátttakendum og ábyrgðaraðilum. Einnig að í símenntunaráætlun rúmist einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.	apríl 2022	september 2022	Skólastjóri Leiðtogateymi	Lokið/ólókið Árlegt verkefni, birt í starfsáætlun skólans og á heimasíðu. Metið á fundi leiðtogateymis.
Gæta þess að í símenntunaráætlun rúmist einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.		Ábyrgð allra að miðla upplýsingum og/eða skrá í rafræn upplýsingaskjöl (s.s. mánaðarplan, forfallaskráningu) og gæta þess að þau séu ávallt uppfærð. Einnig	janúar 2022	júní 2023	

Umbótaáætlun vegna ytra mats

	<p>minnt á ábyrgð starfsmanna að lesa og kynna sér upplýsingar.</p> <p>Leiðtogar teyma miðla upplýsingum til sinna teyma, þeirra er einnig fylgja eftir og taka upp mál teyma í leiðtogateymi.</p> <p>Birta dagskrá funda fyrirfram.</p> <p>Tímasetja stigsfundi þannig að allir sem koma að hóp geti mætt.</p> <p>Skoða möguleika þess að setja upp upplýsingaskjái í skólanum.</p>				<p>könnunar Skólapúlsins (annað hvert ár), funda og starfsmanna-samtala.</p>
<p>Huga að því að verktakar sem vinna tímabundið í skólanum skrifi undir trúnað og þagnarskyldu.</p>	<p>Móta, í samvinnu við Sveitarfélagið Skagafjörð, skýrar verklagsreglur sem tryggja að verktakar og aðrir sem starfa tímabundið í skólanum skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.</p>	apríl 2022	september 2022	Skólastjóri/ fræðslustjóri/ sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs	Lokið/ólokið Mat stjórnenda
<p>Skrá og gera öllum ljósa verkaskiptingu stjórnenda.</p>	<p>Yfirfara og ljúka formlega við verkaskiptingu stjórnenda.</p>		Apríl 2022	Skólastjórnendur	Lokið/ólokið
<p>Stjórnendur fundi reglulega og miðli upplýsingum sín á milli.</p>	<p>Búið er að festa fundartíma tvisvar í viku fastan fundartíma stjórnenda. Þar fer fram miðlun upplýsinga og formleg umræða um skólastarfið.</p>		Lokið	Skólastjórnendur	Lokið/ólokið
<p>Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.</p>	<p>Stjórnendur setja upp skipulag fyrir skólaárið 2022-2023 um innlit í kennslustundir hjá öllum kennurum. Útbúið verði matsblað og kennurum veitt endurgjöf.</p>	Ágúst 2022	júní 2023	Skólastjórnendur	
<p>Skrá á heimasíðu teymi og eða faghópa og verkefni þeirra innan skóla</p>	<p>Upplýsingar um teymi og/faghópa verða sett á heimasíðu skólans þar sem skilgreind eru viðfangsefni og gerð grein fyrir ábyrgð teyma og faghópa.</p>	Janúar 2022	júní 2022	Skólastjórnendur Umsjónaraðili heimasíðu	Lokið/ólokið

Umbótaáætlun vegna ytra mats

Hafa fundaáætlun fyrir önnina eða skólaárið.	Fundaráætlun vorannar 2022 verður sett upp sérstaklega og vistuð á starfsmannasvæði. Fundaráætlanir verða í framhaldinu settar upp fyrir önnina/skólaárið.	Janúar 2022	júní 2023	Skólastjórnendur	Lokið/ólokið
--	--	-------------	-----------	------------------	--------------

## 2. Nám og kennsla

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgðaraðilar	Endurmat, hvenær og hvernig metið?
Geta þess í námsáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað.	Bæta við upplýsingum í námsvísa, (námsáætlanir) allra námsgreina, á öllum stigum grunnskólans hvernig aðlögun er háttað í hverju fagi.	apríl 2022	september 2022	Kennarar Skólastjórnendur	Sjálfsmatshópur taki stikkprufu
Fjalla um lykilhæfni í námsáætlunum.	Bæta við upplýsingum um lykilhæfni í námsvísa, (námsáætlanir) allra námsgreina, á öllum stigum grunnskólans.	apríl 2022	september 2022	Kennarar Skólastjórnendur	Sjálfsmatshópur taki stikkprufu
Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat í skólanámskrá.	Bæta við viðmiðum um námsmat í námsvísa, (námsáætlanir) allra námsgreina, á öllum stigum grunnskólans.	apríl 2022	september 2022	Kennarar Skólastjórnendur	Sjálfsmatshópur taki stikkprufu
Gera nemendum grein fyrir markmiðum einstakra kennslustunda.	Munnlega - æfa okkur! Skriflega - setja í verkefnalýsingar. Classroom - setja í verkefnalýsingar. Sýnilega - hengja upp á vegg í orðum eða myndrænt. Kennarar taka reglulega umræðu, meta stöðu og deila framvindu á stigsfundum.	febrúar 2022	lok skólaárs 2023. í stöðugri vinnu eftir það.	Kennarar	Stikkprufur á fundum. Kennarar ræða um stöðu hjá sér / Jafningjafræðsla

Umbótaáætlun vegna ytra mats

Samræma hvernig markmið kennslu og verkefna eru skráð í kennsluáætlun.	- Kennarar samræma skráningu markmiða kennslu og verkefna í kennsluáætlanir.	ágúst 2022	maí 2023	Kennarar	Að fengnu reynslutímabili er samráð kennara um útfærslu skráningar.
Efla umræður og skoðanaskipti meðal nemenda í kennslustundum.	Efla kennsluhætti sem þjálfar nemendur í umræðum og hvetja þá til skoðanaskipta og virkrar þátttöku. Vinna t.d. með virðingu, jafnrétti, skilning og að geta sett sig í spor hvers annars. Fara í markvissa þjálfun rökræðu og skoðanaskipta á öllum stigum, jafnt og þétt yfir skólaárið. Þjálfar tjáningu markvisst í ræðu og riti. Jafnvel nýta leiklistaræfingar.	ágúst 2022	júní 2023	Kennarar	Tekið til umræðu og metið reglulega á stigs- og kennarafundum (2-3x á önn).
Þjálfar markvisst samvinnu og samstarf nemenda í námi.	Auka samvinnu og fjölbreytt samstarf nemenda í kennslustundum með skipulögðum hætti. Velja verkefni sem ýta undir fjölbreytt vinnubrögð og þjálfar nemendur í ólíkri nálgun á viðfangsefnum. Áhersla á fjölbreytta kennsluhætti á að vera skýr í kennsluáætlunum. Efla samvinnu innan námsgreina sem og þvert á námsgreinar. Kennarar taka reglulega umræðu, meta stöðu og deila framvindu á stigs- og kennarafundum.	ágúst 2022	júní 2023	Kennarar	Tekið til umræðu og metið reglulega á stigs- og kennarafundum (2-3x á önn).
Leita leiða til að efla árangur í stærðfræði á yngsta- og miðstigi.	Efna til faglegrar samræðu stærðfræðikennara á öllum stigum og milli stiga. Mynda faghóp um stefnu og stíganda stærðfræðikennslu til að rýna núverandi starfsaðferðir og setja	Vorönn 2022	Vorönn 2024	Stærðfræðikennarar allra stiga	Leiðtogateymi og þróunarhópur stærðfræðikennslu meta stöðu og



Umbótaáætlun vegna ytra mats

	<p>áframhaldandi markmið með árangur nemenda að leiðarljósi.</p> <p>Gera sýnilegra/myndrænt valda þætti úr námsvísun/námsáætlunum, hengja upp á vegg í kennslustofum og víðar.</p> <p>Hvetja til endurmenntunar í stærðfræði (t.d. leiðtoganáms í stærðfræðikennslu). Setja inn í endurmenntunaráætlun fyrir 2022-2023.</p>				framvindu 2-4x á skólaári.
Gæta þess að öllum nemendum séu ljós markmið og viðmið um árangur, svo sem hæfniviðmið.	<p>Kynna í byrjun hvers námsefnis/lotu þau markmið og viðmið sem unnið er að hverju sinni. Kenna nemendum betur á notkun og möguleika Mentors.</p> <p>Gera markmið sýnilegri. Útfæra t.d. myndrænt fyri yngri nemendur en fyrir eldri nemendur mætti skrifa viðeigandi hæfniviðmið í verkefnalýsingu á Classroom (fyrir neðan titilinn).</p> <p>Á unglingsstigi er byrjað að yfirfara hæfnikort í mentor með hverjum og einum nemanda. Mikilvægt að halda því áfram.</p>	febrúar 2022	lok skólaárs 2023. í stöðugri vinnu eftir það.	Kennarar	Stikkprufur á fundum. Kennarar ræða um stöðu hjá sér / Jafningjafræðsla
Kenna nemendum að setja sér markmið í námi.	<p>Þjálfna nemendur í að taka ábyrgð á eigin vinnu og námi og setja sér raunhæf (mælanleg) markmið um námsframvindu. Fara í markvisst átak með liðsinni námsráðgjafa á öllum stigum. Undirbúa nemendur þannig að þeir kynna markmið sín fyrir foreldrum á samráðsdegi.</p> <p>Efla samtal og samræðu um markmiðasetningu í kennslustundum.</p>	September 2022	Júní 2023	Kennarar, foreldrar og annað fagfólk.	Stöðumat kennara á stigsfundum reglulega yfir skólaárið.
Hafa nemendur með í ráðum um einstaklingsbundin námsmarkmið þar sem það á við.					

Umbótaáætlun vegna ytra mats

	Hafa hæfniviðmið sýnileg svo nemendur séu meðvitaðir um og skilji að hverju er stefnt hverju sinni.				
Efla þátttöku nemenda við skipulag náms og skólastarfs.	Efla reglulega og skilvirka umræðu í nemendaráði og skólaráði. Hvetja nemendur til að láta sig skólasamfélagið varða og leiðbeina með hvernig þeir geta komið málum sínum á framfæri og haft áhrif. Gæta þess að nemendamat sé reglulega (skv. áætlun á 2-3 ára fresti, en féll niður í covid).	september 2022	maí 2023	Stjórnendur, kennarar og starfsfólk.  Sjálfsmatsteymi.	Innra mat 2025-2026.
Virða virkan námstíma nemenda þannig að skerðing verði ekki á kennslustundum í tengslum við íþrótt- og sundtíma.	Endurskoða núverandi fyrirkomulag við gerð nýrra stundataflna í ágúst.	ágúst 2022	september 2022	Skólastjórnendur	Árlegt endurmat

### 3. Innra mat

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgðaraðilar	Endurmat, hvenær og hvernig metið?
Gera innramatsáætlun sem byggir á aðferðum og verkefnum skólans auk kannana og skimana úr ytra mati.	Vinna ítarlegri innramatsáætlun. Setja tímaáætlun á hvert verk. Fleiri mælitæki en sjálfsmat, t.d. Olweusarkönnun, Skólapúlsinn, árleg skimun starfsfólks og nemenda.	febrúar 2022	sept 2022	sjálfsmatsteymi stjórnendur	Lokið/ólokið Metið á fundi sjálfsmatsteymis haust 2022.

Umbótaáætlun vegna ytra mats

Í tímasettri áætlun innra mats þurfa að koma fram upplýsingar um verkefni, þátttakendur og ábyrgðaraðila.	Vinna ítarlegri innramatsáætlun. Setja tímaáætlun, hver er ábyrgur, hvað þarf til, hvernig á að meta árangur.	febrúar 2022	sept 2022	sjálfsmatsteymi stjórnendur	Lokið/ólokið Metið á fundi sjálfsmatsteymis haust 2022.
Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila, þar með talið foreldra og nemenda, sem hefur umsjón með framkvæmd innra mats.	Auglýsa eftir áhugasömum foreldrum og nemendum til að starfa með sjálfsmatsteymi skólans.		haust 2022	stjórnendateymi	Lokið/ólokið Metið á fundi sjálfsmatsteymis haust 2022.
Kynna hagsmunaaðilum formlega niðurstöður úr innra- og ytra mati þegar þær berast.	Auglýsa sjálfsmatsskýrslu að vori á heimasíðu og senda slóð á hana heim til foreldra/nemenda í pósti. Kynna sjálfsmatsskýrslu á starfsmannafundi og nemendaráðsfundi.		júní 2022 september 2022	stjórnendateymi, umsjónarmaður heimasíðu.	Lokið/ólokið Metið að loknum kynningarfundum haustönn 2022
Huga að því, að samræður um þróun og umbætur eigi sér stað meðal allra hagsmunaaðila.	*Setja á foreldra- og nemendaping (þjóðþing) um skólamálið, haldið næsta haust. *Senda könnun til hagsmunaaðila og kalla eftir hugmyndum; kynna vel fyrst.	haust 2022	haust 2022	Fræðsluþjónusta foreldrafélag nemendaráð skólaráð; umsjónarmaður heimasíðu.	Lokið/ólokið Metið að loknu foreldra- og nemendaping haust 2022
Gera umbótaáætlun um alla matsþætti innra mats þar sem fram koma tímasettar aðgerðir, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.	Vinna umbótaáætlanir ítarlegar þannig að allir þættir komi fram, ásamt tímaáætlunum og ábyrgð.	febrúar 2022	áramót 2022-2023	Sjálfsmatsteymi og stjórnendur.	Lokið/ólokið Metið eftir útkomu sjálfsmatsskýrslu vorið 2023